






MÁLEFNI INNFLYTJENDA

KYNNINGAR Á RANNSÓKNUM, HLÝTT Á RADDIR

INNFLYTJENDA OG BOÐIÐ Í BÍÓ

DAGSKRÁIN ER Í TÍLEFNI FJÖLMENNINGARDAGS REYKJAVÍKURBORGAR ÞANN 10. MAÍ NK. OG ER HÚN Á VEGUM MANNRÉTTINDASKRIFSTOFU REYKJAVÍKUR OG BORGARBÓKASAFNS.

DAGSKRÁ:

Mánudagur 5. maí kl. 12.00–13.00

Raddir innflytjenda

Innflytjendur segja frá reynslu sinni af því að búa á Íslandi og öðru sem þeir vilja koma á framfæri.

Kl. 17.30

Café Lingua á Borgarbókasafninu

Afganskar konur kynna mál sitt og menningu.

Þriðjudagur 6. maí kl. 12.00–13.00

Kynning á tveimur rannsóknum um málefni hælisleitenda:

Fatlaðir hælisleitendur, réttindastaða og félagsleg reynsla Guðbjörg Ottósdóttir aðjúnkt og doktorsnemi.

„Að sitja og biða“ tækifæri og þátttaka hælisleitenda til að takast á við dagleg viðfangsefni sem eru þeim mikilvæg Lilja Ingvarsson meistaranemi í lýðheilsu.

Miðvikudagur 7. maí kl. 12.00–13.00

„Women at Turning Point“

Dr. Hoda Thabet kynnir doktorsritgerð sína um arabískar kvennabókmenntir. Doktorsvörn Hodu í almennri bókmenntafræði frá HÍ fór fram þann 16. apríl sl. Fyrirlesturinn fer fram á ensku.

Fimmtudagur 8. maí kl. 12.00–13.00

Kynning á Móðurmáli, samtökunum um tvítýngi. Umræður um móðurmálskennslu. Um kynninguna sjá Renata Emilsson Peskova formaður samtakanna og doktorsnemi á Menntavísindasviði HÍ, og Marina de Quintanilha Mendonça kennari, þýðandi og túlkur.

Föstudagur 9. maí kl. 12.00

Biósýning: Fæddur í Absúrdístan

Opnunarmynd kvikmyndahátíðarinnar Evrópa hlær. Myndin segir frá hugsanlegum ruglingi, sem á sér stað á fæðingardeildinni á barni tyrknesks verkafólks, sem stendur til að vísa úr landi, og barni starfsmanns austurríska útlendingaeftirlitsins og þær ófyrirséðu afleiðingar sem þetta hefur í för með sér. Myndin kemur frá Austurríki og eru leikstjórar hennar Houchang Allahyari og Tom-Dariusch Allahyari. Lengd 110 mínútur. Þýskt og tyrkneskt tal og enskur texti.

Aðgangur ókeypis.

ALLIR HJARTANLEGA VELKOMNIR

